



Mál nr. 1188/2024
Tillaga, rammahluti Aðalskipulags
Kópavogsbæ
Karlotta Helgadóttir, í umboði fyrir Kópavogsbæ

Umsögn vegna rammahluta Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 vegna Borgarlínu Lotu 1

Rammahluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 hefur verið sendur til umsagnar. Um er að ræða skipulag fyrir fyrstu lotu Borgarlínu; Fossvogsbú - Hamraborg.

Vegagerðin fagnar þessum áfanga í þeirri vegferð að bæta almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og ítrekar mikilvægi þess að tryggja framgang framkvæmda til að fyrirhugaður ávinningur í samgöngum komi sem fyrst fram.

Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, og gerir ekki athugasemdir en bendir á eftirfarandi:

Ekki er um eiginlegan uppdrátt rammaskipulags að ræða heldur er greinargerð með skýringarmyndum send til umsagnar.

Varðandi athugasemdir við umhverfismatsskýrslu fyrstu lotu Borgarlínu er vísað til umsögn Vegagerðarinnar dags. 24.janúar 2025.


Síða 1/3

Vegagerðin
Suðurlhraun 3
210 Garðabær

+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Stofnvegir á höfuðborgarsvæðinu auðkenndir með bláu og sveitarfélagamörk með rauðri brotalínu.

Rammaskipulagið hefur bein áhrif á þjóðvegi á römpum Hafnarfjarðarvegar við Hamraborg. Gera þarf nána grein fyrir rýmisþörf Borgarlínu og samþættingu við aðra umferð. Að stöddu liggur ekki fyrir hvort rými sé til staðar fyrir þá lausn sem helst er til umræðu sem uppfyllir jafnframt veghönnunarreglur.

Vinna er þegar í gangi við að útfærslur á Hamraborg með það að markmiði að samþætta á sem bestan máta alla ferðamáta. Mikilvægt er að skipulagsvinna sé ávallt í samræmi við framþróun verkefnisins og að framkvæmdaleyfi liggi fyrir um leið og hönnun og útboð fyrir einstaka áfanga.

Gæta þarf að öllum markmiðum laga um Vegagerðina (nr. 120/2012) þar sem segir m.a. að Vegagerðin skal í starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Vegagerðin gerir ekki athugasemd við staðsetningu eða útfærslu biðstöðva út frá gögnum sem eru til umsagnar en vísar til mikilvægi samráðs við Vegagerðina og að sækja þarf um framkvæmdaleyfi þar sem framkvæmdir eru innan veghelgunarsvæða.

Varðandi forgangsroðun eftir ferðamátum, form, ásýnd o.fl. þá vísar Vegagerðin til sérstöðu þjóðvega. Taka þarf sérstaklega mið af lögum og reglugerðum er snúa að þjóðvegum, skipulagi og útfærslu þjóðvega.

Í rammaskipulagi kemur fram að umferðaröryggi muni aukast frá núverandi ástandi. Óvissa felst í þessari fullyrðingu miðað við þau gögn sem lögð eru fram. Einungis er lögð ákveðin lína fyrir útfærslu samgönguinnviða en gögn sýna ekki fram á að rýmisþörf sé ávallt til staðar.

Ætla má að grípa þurfi að grípa til aðgerða á þeim leiðum sem umferð mun aukast á, utan Borgarlínuleiða. Í einhverjum tilvikum mun umferð í auknum mæli leita á stofnvegi í umsjá Vegagerðarinnar.

Að lokum bendir Vegagerðin á fyrri umsagnir vegna frumdraga Borgarlínu, Fyrsta lota Borgarlínu: Ártún – Fossvogsbrú, sem eiga enn við.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar.
Cecilía Þórðardóttir
Verkefnastjóri á Höfuðborgarsvæði

Síða 3/3

Vegagerðin

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026